

bænda
FERÐIR

DÓLÓMÍTAR & GARDAVATN



11. – 21. júní 2026

Fararstjórn: Elísabet Sveinsdóttir

Sumar 8

Ítalía | Þýskaland

Ferðalýsing

Í þessari glæsilegu ferð höldum við á vit ævintýranna og byrjum í fallega bænum **Brixen** í Eisackdalnum í **Suður-Tíról** á Ítalíu. Við upplifum kynngimagnaða náttúrufegurð **Dólómítafjalla** sem er sennilega einn frægasti fjallgarður **Alpanna** en þar var kvikmyndin Everest að hluta tekin upp. Glæsta borgin **Merano** verður sótt heim með sínum skemmtilegu, þröngu götum, yfirbyggðum súlnagöngum, fögrum byggingum og iðandi mannlífi. Heimsækjum **St. Ulrich** í dalnum Val Gardena sem rómaður er fyrir feegurð og heimspekt tréútskurðarlistaverk. Þaðan verður tekinn kláfur upp á **Seiser Alm** sem er hæsta hálendissléttu Evrópu og þar blasir við okkur stórkostleg feegurð og útsýni yfir tinda Dólómíta Alpafjalla. Njótum verunnar í Brixen og tökum kláf upp á heimafjallið þeirra, Plose fjallið. Nú bíður okkar **Riva del Garda** við **Gardavatn** sem hefur verið einn vinsælasti áfangastaður Íslendinga til margra ára, enda er það meðal allra fegurstu staða á Ítalíu. Sjálfur Goethe líkti staðnum við himnaríki og skal engan undra. Bærinn Riva del Garda stendur á fallegum stað við vatnið í skjóli fjalla og er einn vinsælasti ferðamannastaður svæðisins. Við munum fara í áhugaverðar skoðunarferðir, m.a. í yndislega siglingu á Gardavatni til bæjanna **Limone** og **Malcesine**, heimsækjum **Veróna**, eina elstu og fallegustu borg Norður-Ítalíu, og förum á líflegan útimarkað í bænum **Garda**. Í þessari ljúfu ferð ætlum við að njóta skemmtilegrar samveru í undurfögru umhverfi á Ítalíu.

11 dagar | 10 nætur

5 nætur Brixen | 5 nætur Riva del Garda



11. júní | Flug til München & Brixen

Brottför frá Keflavík kl. 07:20 og mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í München kl. 13:05 að staðartíma. Þaðan verður ekið upp í Alpafjöllin í gegnum Brennerskarð til Brixen í Suður-Tíról en þar gistum við í fimm nætur á góðu hóteli.

12. júní | Sæludagur í Brixen

Brixen er ein af perlum Suður-Tíról. Eftir morgunverð verður farið í gönguferð um elsta hluta borgarinnar en hún er höfuðstaður Eisackdalsins og liggur við rætur fjallsins Plose. Í þessum 20.000 manna sögufræga bæ má finna gamlar götur, brýr, kirkjur og söfn. Þar mætast árnar tvær Eisack og Rienz sem ásamt umlykjandi vínekrum og aldingörðum gera Brixen að einstaklega heillandi og fallegum stað. Farið



verður í stutta göngu með farastjóra ykkar sem kynnir ykkur borgina og staðhætti. Eftir það verður frjáls tími til að njóta og næra sál og líkama.

13. júní | Töfrandi dagur í Meran

Nú verður haldið til Meran en í þessari töfrandi og skemmtilegu borg mætast menningarheimar Ítalíu og Austurríkis og segja má að hér finnist það besta frá báðum löndum. Borgin var áður fyrr höfuðborg Tírólahéraðs í Austurríki en blómatími hennar var á 19. öld. Þá varð bærinn þekktur sem heilsubær en heitar lindir eru á svæðinu. Hér er loftslagið sérlega milt og því eru frjósöm ávaxtahéruð allt í kringum borgina. Miðbærinn er yndislegur, með skemmtilegum, þröngum götum, yfirbyggðum súlnagöngum, glæstum byggingum og iðandi mannlífi og við ætlum að njóta þess. Eftir skemmtilega skoðunarferð verður góður tími til að fá sér hressingu.



14. júní | Stórbrotin feegurð í St. Ulrich & Seiseralp



Dólómítarnir eru án efa einn frægasti fjallgarður Alpanna. Stórbrotin náttúrufegurð, sögulegt mikilvægi og sérstæð menning eru ástæður þess að fjallgarðurinn var tekin á heimsminjaskrá UNESCO. Nú ætlum við að eiga glæsilegan dag í bænum St. Ulrich í dalnum Val Gardena (Grödner dal) sem rómaður er fyrir fegurð og heimsþekktur fyrir tréútskurðarlistaverk. Einnig er hann fæðingarbær Sigurðar

Dementz óperusöngvara og kennara, leikarans Luis Trenker og popp tónskáldsins Giorgio Moroder. Eftir ljúfan tíma þar verður farið með kláf upp á Seiser Alm sem er hæsta hálendissléttu Evrópu og tilheyrir Dólómítum Ítalíu. Það er ekki að undra að hluti Everest kvikmyndarinnar hafi verið tekin upp á þessum slóðum. Upplifum þar stórkostlegt útsýni yfir Alpafjöllin sem eru í senn róandi og endurnærandi. Við gefum okkur góðan tíma til að rölta þar um og auðvitað fáum við okkur hressingu og njótum tilverunnar.

15. júní | Plose heimafjallið & frjáls tími í Brixen

Við munum eiga góðan morgunn á Plose fjalli í dag, heimafjalli þeirra í Brixen sem er 2542 m á hæð. Hótelið býður öllum með kláf upp á fjallið þar sem náttúrufegurðin umvefur okkur og ómótstæðilegt útsýni er þaðan yfir Eisackdalinn og Alpafjöllin. Fáum okkur léttu göngu uppi og njótum friðsældar og fjallanna í allri sinni dýrð. Einnig er upplagt að fá sér hádegishressingu áður en farið er til baka. Það sem eftir er dags gefst frjáls tími til að njóta sælunnar í Brixen. Upplagt er að skoða bæinn betur og líta inn á kaupmenn bæjarins sem geta verið ansi líflægir. Einnig er hægt að nota þá glæsilegu aðstöðu sem hótelið býður upp á.



16. júní | Riva del Garda við Gardavatnið & skómarkaður



Eftir morgunverð kveðjum við Brixen eftir góðan tíma og höldum á næsta áfangastað ferðarinnar, bæinn Riva del Garda, sem tekur á móti okkur við hið sægræna Gardavatn. Bærinn stendur á fallegum stað í skjóli fjalla við vatnið og er einn vinsælasti ferðamannastaður svæðisins. Þarna munum við gista í fimm nætur á góðu hóteli. Á leiðinni verður ekið um Sarcha dalinn (Valle del Sarca) og stoppað í Dro þar sem verður áð í skómarkaði áður en ekið verður á hótelið

okkar. Sameiginlegur kvöldverður á veitingastað.

17. júní | Frjáls dagur í Riva del Garda & stutt skoðunarferð

Dagurinn verður rólegur en að loknum morgunverði förum við fótgangandi í stutta skoðunarferð um bæinn Riva del Garda. Að henni lokinni er frjálst tími til að skoða sig um í þessum snotra bæ, ganga um litlar og þröngar götur hans, staldra við í verslunum, rölta undir pálmatrijám með fram ströndinni eða upp að Bastillione virkinu en þar er einstakt útsýni yfir vatnið. Einnig er kjörið að njóta aðstöðunnar á hótelinu, annaðhvort við sundlaugina á þakgarðinum eða í heilsulindinni, þar sem er gufubað og slökunarrými. Kvöldverður á eigin vegum.



18. júní | Sigling á Gardavatni, Limone & Malcesine



Farið verður í ljúfa siglingu á Gardavatni. Haldið verður til Limone, eins fallegasta bæjarins við vatnið og staldrað við dágóða stund. Þaðan verður siglt yfir sægrænt Gardavatnið til Malcesine sem er sögufrægur ferðamannabær við austurströnd vatnsins. Í Malcesine gefum við okkur góðan tíma, fáum okkur hressingu og skoðum okkur um í bænum. Áhugasamir geta farið með kláfi upp á Monte Baldo, hæsta fjallið við Gardavatn, en aðrir geta litið inn í mjög

áhugaverðan gamlan kastala sem er að finna í bænum. Siglt til baka til Riva del Garda. Kvöldverður á eigin vegum.

19. júní | Útimarkaður í bænum Garda & frjálst tími í Riva del Garda

Árla dags verður ekin undurfögur leið með Gardavatni að austanverðu í gegnum mörg falleg þorp að bænum Garda við Gardavatnið en þar er mjög skemmtilegur og líflegur útimarkaður í dag. Bærinn er yndislegur og upplagt er að fá sér hádegishressingu þar áður en ekin verður hraðbrautin til baka. Eftir það er hægt að nota tímann í slökun og rólegheit í Riva del Garda og skoða sig betur um í þessum heillandi bæ. Einnig er hægt að fara í skemmtilega göngu með ströndinni til næsta bæjar, Torbole, sem er enn einn hrífandi bærinn við vatnið. Þeir hressustu geta gengið upp í Santa Barbara kapelluna sem er í 625 m hæð yfir bænum. Kvöldverður á eigin vegum.

20. júní | Dagsferð til Veróna



Nú verður ekið til Veróna, elstu borgar Norður-Ítalíu, og er þetta einn hápunktur ferðarinnar. Veróna er borg menningar og lista en frægust er hún sem sögusvið leikrits Shakespeare um Rómeó og Júlíu. Farið verður í skoðunarferð um borgina og staldrað við helstu staði þessarar merku borgar. Þar má nefna þriðja stærsta hringleikahús veraldar, Arena, og Kryddtorgið en þar stendur fjöldi fagurra

bygginga og minnisvarða. Allur miðbær borgarinnar eins og hann leggur sig er skráður á heimsminjaskrá UNESCO og ekki að ástæðulausu. Eftir skoðunarferðina um borgina verður gefin frjáls tími til að fá sér hressingu og kanna líf bæjarbúa. Sameiginlegur kvöldverður á veitingastað.

21. júní | Heimferð frá Mílanó

Eftir þessa ljúfu og viðburðarríku daga verður ekið út á Malpensa flugvöll í Mílanó. Brottför þaðan kl. 17:00 og landing í Keflavík kl. 19:15 að staðartíma.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum þegar komið er á staðinn.



Verð

399.900 kr. á mann í tvíbýli | 46.800 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Morgunverður allan tímann á hótélum.
- ✓ Fimm kvöldverðir á hóteli í Brixen.
- ✓ Tveir kvöldverðir á veitingastað í Riva del Garda.
- ✓ Aðgangur að hringleikahúsinu í Veróna.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur.
- ✓ Kláfar eða stólalyftur upp á fjöll.
- ✓ Siglingar og vínsmökkun.
- ✓ Þrír kvöldverðir í Riva del Garda.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Þjóf fé.

Valfrjálst

- ✓ Kláfur uppá Seiserlam u.þ.b. € 30
- ✓ Sigling á Gardavatni u.þ.b. € 28.
- ✓ Kláfur frá Malcesine upp á Monte Baldo u.þ.b. € 29.

Hótel

- ✓ Brixen - Hotel Gruner Baum
- ✓ Riva del Garda - Grand Hotel Riva



Frekari upplýsingar

Vert er að hafa í huga að þrátt fyrir að Bænduferðir séu alla jafna þægilegar rútuferðir er alltaf einhver ganga, t.d. í bæjarferðum. Margar evrópskar borgir eru bæði hæðóttar og ójafnar undir fæti og aðgengi að áfangastöðum þannig að leggja þarf rúttunni mislangt frá. Ef þú hefur einhverjar vangaveltur varðandi þetta vinsamlegast ekki hika við að hafa samband við skrifstofu Bænduferða.